

Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt– Fundur um ræktunarmál haldinn 1. júní 2011 að Hvanneyri og Hesti

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs

Magnús B. Jónsson

Sigurður Loftsson

Pórarinn Leifsson

Bragi Líndal Ólafsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Grétar Hrafn Harðarson

Gunnar Guðmundsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Fjarverandi:

Björn Gunnarsson

Sigurgeir Hreinsson

Þorsteinn Ólafsson

1. Staða í ræktunarmálum, áherslur í kynbótastarfinu.

Ágúst Sigurðsson kynnir helstu niðurstöður óbirtrar greinar er hann og Jón Viðar Jónmundsson hafa ritað um árangur og möguleika ræktunarstarfsins (Genetic potential of the icelandic dairy cattle). Er þar farið yfir stöðu mál og hvaða framfarir hafa náðst á síðastliðnum áratugum fyrir einstaka eiginleika. Er ljóst að talsverður árangur hefur náðst fyrir flesta eiginleika og þá helst afurðir og prótein enda hafa þessir eiginleikar mest vægi í heildarkynbótaeinkunn. Jafnframt sýna þessar niðurstöður að mikil heimanautanotkun íslenskra kúabænda hefur orðið til þess að aðeins hafa náðst um 2/3 af þeim framförum sem ella væru mögulegar.

Í kjölfar yfirferðar Ágústar fór Gunnfríður yfir tölur úr skýrsluhaldinu um heimanautanotkun árin 2009 og 2010 og fjölda kúa sem standa fyrir utan skýrsluhald. Samskonar úttekt hafði verið gerð fyrir árin 2007 og 2008 sem sýndu að um þriðjungur ásettra kvígna var að jafnaði undan heimanautum eða algerlega ófeðraðar. Athuganir fyrir árin 2009 og 2010 leiða í ljós að sama hlutfall ásetningskvígna er ennþá undan heimanautum eða eru ófeðraðar þó hlutfall ófeðraðra kvígna í þessum hópi hafi minnkað. Árið 2010 voru þetta samtals 2978 kvígur. Einnig kemur í ljós að rúmlega 2200 árskýr á um 74 búum standa algerlega fyrir utan skýrsluhaldi.

Fundarmenn eru sammála um að þarna sé mikið að vinna í ræktunarstarfinu sérstaklega í ljósi niðurstaðna þeirra Ágústar Sigurðssonar og Jóns Viðars. Líklegt er að meiri og hraðari árangur næðist með því að útrýma heimanautanotkun og fá fleiri inn í skýrsluhaldið en með því að breyta vægi eiginleika miðað við stöðuna í dag. Ljóst er að ef full not væri af öllum kúastofninum í ræktunarstarfinu væri hægt að fjölga afkvæmadæmdum nautum og stækka dætrahópana sem liggja að baki dómi hvers nauts.

Tillögur koma fram um að farið verði í sérstakt átaksverkefni til að efla skýrsluhaldið og draga úr heimanautanotkun.

2. Afkvæmarannsóknir

Farið er yfir niðurstöður kynbótamatsútreikninga. Hafa verður í huga að við þessa keyslu var viðmiðunarárgangur færður til um 5 ár þannig að einkunnir allra gripa hafa lækkað talsvert.

Afkvæmadómar nauta f. 2004, endanlegt mat

Endanlegur afkvæmadómur fyrir nautaárganginn 2004 liggur nú fyrir. Alls luku 24 naut afkvæmarannsókn í þeim árgangi. Þessi árgangur er mun jafnari að gæðum en árgangurinn 2003. Afurðsemi er í góðu lagi, og sömuleiðis júgur- og spenagerð en mjaltir eru mismunandi, í sumum tilvikum afburða góðar en í öðrum tilvikum mjög slæmar. Breytilegt skap. Alls voru 11 naut valin til framhaldsnotkunar. A-dóm hlutu Stássi 04-024, Stíll 04-041 og Ári 04-043 og B-dóm Grikkur 04-004, Þinur 04-006, Salómon 04-009, Hlaupari 04-010, Þrumari 04-015, Hjálmur 04-016, Rauður 04-021, Jaki 04-044. Besta nautið í þessum árgangi var valið Stássi 04-024 frá Syðri Bægisá undan Stíg 97010 og Stássi 304, sem er dóttir Fríks 94-026

Afkvæmadómar á nautum f. 2005, fyrsta mat.

Ljóst er að ekki er komið nægjanlega öruggt mat á hluta þeirra 31 nauts sem tilheyra árgangi 2005. Fagråd samþykkir því að fresta ákvörðun um framhaldsnotkun á 18 nautum en tekin er ákvörðun um 13 naut. Stöðull 05-001 fær A-dóm, Bauti 05-002, Hryggur 05-008, Standur 05-013, Renningur 05-014 og Gussi 05-019 fá B-dóm en Oddgeir 05-006, Sláni 05-007, Hnappur 05-009, Hávarður 05-010, Ferðalangur 05-011 og Grallari 05-017 fá C-dóm.

Yfirlit yfir mat á eldri nautum

Ljóst er að nokkrar breytingar hafa orðið á mati nokkurra þeirra nauta sem tilheyra fyrri árgöngum og eru ennþá í notkun. Tekin er ákvörðun um að fella út úr nautaskrá þá Glæði 02-001, Flóa 02-029 Sírius 02-032, og Aðal 02-039 þar sem sæðisbirgðir úr þeim eru uppnar. Lítil eða engin eftirspurn hefur verið eftir Alfons 02-008, Sendli 02-013, Grikk 04-004 og Þin 04-006 og eru þeir því teknir úr notkun. Þrumari 04-014 hefur dalað í einkunn og er því tekinn úr notkun. Inn í Nautaskrá koma úr árgangi 2005 þeir Stöðull, Bauti, Hryggur, Standur, Renningur og Gussi. Gyllir 03-007 hefur dalað nokkuð í einkunn og er hann því felldur út sem nautsfaðir en Hegri 03-014 hefur hækkað og verður tekinn inn sem nautsfaðir í stað hans. Tópas 03-027 verður áfram nautsfaðir sem og Stássi 04-024 og Stíll 04-041. Ári 04-043 hefur lækkað mjög í próteinhlutfalli og því er ekki talið ásættanlegt að nota hann sem nautsföður. Nokkur umræða skapast um hvort rétt sé að hafa þá Stíl og Stássa báða inni sem nautsfeður þar sem þeir séu einnig skyldir í móðurætt. Niðurstaðan er sú að taka verði tillit til þess við inntöku kálfa á stöðina. Úr árgangi 2005 er Stöðull 05-001 tekinn inn sem nautsfaðir. Ákveðið er að gefa út nautaskrá í sumar og að útlit hennar og framseting efnis verði endurskoðuð. Í henni verða eftirfarandi naut:

Naut- nafn/númer	Fæðingarbú	Staða	
Ófeigur	02-016	frá Þríhyrningi	kýrfaðir
Þrymur	02-042	frá Tóftum	kýrfaðir
Ás	02-048	frá Sumarliðabæ	kýrfaðir

Gyllir	03-007	frá Dalbæ, Hrun.	kýrfaðir
Hegri	03-014	frá Hamri	nautsfaðir
Máni	03-025	frá Drumboddsstöðum	kýrfaðir
Tópas	03-027	frá Króki, Flóa	nautsfaðir
Skandall	03-034	frá Nýja Bæ	kýrfaðir
Salómon	04-009	frá Hundastapa	kýrfaðir
Hlaupari	04-010	frá Hríshóli	kýrfaðir
Hjálmur	04-016	frá Hjálmholti	kýrfaðir
Rauður	04-021	frá Túnsbergi	kýrfaðir
Stássi	04-024	frá Syðri Bægisá	nautsfaðir
Stíll	04-041	frá Syðri Bægisá	nautsfaðir
Ári	04-043	frá Stóra Ármóti	kýrfaðir
Jaki	04-044	frá Eystra Hrauni	kýrfaðir
Ný naut úr árgangi 2005			
Stöðull	05-001	frá Brekkukoti	Nautsfaðir
Bauti	05-002	frá Miðfelli V	Kýrfaðir
Hryggur	05-008	frá Bryðjuholti	Kýrfaðir
Standur	05-013	frá Skálpastöðum	Kýrfaðir
Renningur	05-014	frá Lambhaga	Kýrfaðir
Gussi	05-019	frá Dagverðareyri	Kýrfaðir

3. Skýrslur frá Nautastöð BÍ

Sveinbjörn fer yfir skýrslur nautastöðvarinnar um sæðisbirgðir. Einnig greinir hann frá því að nú hafi þeir breitt um aðferðir við sæðistökuna og hafi nautin laus við sæðistöku. Um þessar mundir gangi sæðistaka vel líklegt sé að hægt verði að velja úr nautaárgangi 2010 naut til útsendingar og taka mið af kynbótamati, þroska o.fl í stað þess að þurft hefur að senda út öll naut sem hafa gefið sæði undanfarin ár.

Örlítið er komið inn á það hvort hægt sé að fækka útsendum skömmtum úr óreyndum nautum en það er ljóst að ef það á að gerast þarf að grípa til aðgerða til að gögn um dætur þeirra skili sér betur inn í skýrsluhaldið. Ekki er tekin afstaða til þessa að svo stöddu.

4. Aðgerðir til þess að efla skýrsluhald og þátttöku í ræktunarstarfinu

Talsverð umræða hafði farið fram um þetta máli í kjölfar fyrsta liðar fundarins. Hér ræða menn ýmsar leiðir til að takast á við þann vanda sem þar hefur verið lýst. Ljóst er að talsverðir fjármunir fara úr sameiginlegum sjóðum til bænda í gegnum kynbótastarfið t.d í gegnum sæðingajónustu. Allir kúabændur hafa jafnan aðgang og rétt á þessari

þjónustu hvort sem þeir eru virkir í ræktunarstarfinu eða ekki. Menn telja mikilvægt að gera átak á þessum vettvangi og gefa þá ákveðinn tíma sem áætlaður sé til að ná árangri. Eftir þann tíma sé hægt að fara að skoða hvort ekki sé rétt að umbuna á einhvern hátt þeim sem taka virkari þátt í ræktunarstarfinu. Erlendis þekkist t.d. að greitt er sérstaklega fyrir skýrslufærðar kvígur undan óreyndum nautum. Einnig vakna spurningar um hvort rétt sé að takmarka aðgang að nautsfeðrum og óreyndum nautum og senda þau aðeins út til fullgildra skýrsluhaldara.

Út frá skýrsluhaldsgögnunum er hér í raun um tvennskonar vandamál að ræða. Annars vegar er um að ræða bændur sem taka lítinn sem engan þátt í ræktunarstarfinu. Standi annað hvort algerlega fyrir utan skýrsluhald eða taki ekki þátt í afkvæmaprófunum nauta með því að nota sæðingar. Leita þarf leiða til að fá þessa aðila inn í hið sameiginlega ræktunarstarf. Á hinn bóginn er heimanautanotkun á kvígur vandamál sem líklega er hægt að rekja að miklu leiti til slæmrar aðstöðu til kvígusæðinga. Í þessum tilfellum þarf að bjóða upp á ráðgjöf sem miðar að því að finna lausnir á þessum vanda. Samþykkt er að nautgriparæktarráðunautar undirbúi átak í þessum málum sem verði hrundið af stað með útkomu nýrrar nautaskrár.

5. Ræktunarmarkmið íslenska kúastofnsins (framhald fyrri umræðu).

Gerðar eru athugasemdir við orðalag í hluta II.5 er varðar Mjaltir og er textinn lagaður í ljósi þeirra athugasemda. Ekki koma aðrar athugasemdir við þær tillögur sem settar hafa verið fram og er því samþykkt að setja þær fram sem ræktunarmarkmið fyrir íslenska kúakynið. Ræktunarmarkmiðin má sjá í meðfylgjandi skjali

6. Önnur mál

Ályktun aðalfundar LK

Atriðum úr stefnumörkun LK er snúa að fagráði er dreyft og farið yfir þær (sjá meðfylgjandi skjal). Nokkrar umræður skapast um þessi atriði. Hvað varðar samvinnu við Geno eða VikingGenetics telja menn að í ljósi annarar samvinnu við Norðmenn t.d á sviðum skýrsluhalds og föðuráætlanagerðar þá lægi líklega beinna við að horfa til Geno. Þar standi menn líka framarlega í rannsóknum sem nýst gætu hér á landi. Upp kemur spurning varðandi fræðslu og ráðgjöf og hvort aðalfundurinn hafi tekið umræður og afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að byggja upp þekkingu innanlands eða leita í auknum mæli út fyrir landsteinana. Rætt er um þau tímamörk sem fylgja ályktuninum en ljóst er að þau geta varla verið raunhæf miðað við að komið er fram undir mitt ár. Fagrád mun fjalla áfram um málið.

Styrkumsóknir

Tekin er fyrir umsókn Bændasamtaka Íslands varðandi áframhaldandi uppbyggingu á skýrsluhaldskerfinu HUPPU. Sótt er um 2,2 milljónir en áætlaður kostnaður er 5,9 milljónir. Samþykkt er að veita 2,2 milljónum í verkefnið.

Áframhaldandi umfjöllun um umsókn Sigríðar Bjarnadóttur

Umsókn Sigríðar Bjarnadóttur, sem kynnt var lauslega á síðasta fundi er tekin fyrir. Hér er um að ræða umsókn um styrk til að sækja fagnámskeið. Hér þarf að skera úr um það hvort slíkt er á sviði Fagráðs því verði ákveðið að veita styrk til þessa sé það fordæmisgefandi. Í raun sé þetta frekar á sviði starfsmenntasjóða enda um endurmenntuna að ræða. Lykilatriði er að sú þekking sem afloat geti nýst bændum um allt

land. Miðað við áætlaðan kostnað telja menn að ef Fagráð vilji fara út í að styrkja endurmenntun væri vænlegra að gera það með því að fá kennara eða fyrirlesara til landsins þannig að kennslan myndi nýtast fleirum. Einnig er rætt um að skoða þurfi forgangsröðun og t.d. taka ákvörðun um það hvort Fagráð sjái sér fært að stuðla að eflingu þess að nemendur fari í framhaldsnám. Fagráð samþykkir að verkefnið sem sótt er um styrk til sé ekki á sviði Fagráðs og því sé ekki forsenda til fjárveitinga til þess.

Gunnfríður Hreiðarsdóttir ritaði fundargerð